

um jöfnun raforkuverðs.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Skúli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Eiríkur Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásgeir Bjarnason, Andrés Eyjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess, að raforka til almenningsnota frá rafveitum í opinberri eigu verði seld á sama verði um land allt, og leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi hið allra fyrsta.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi er um það, að ríkisstjórninni verði falið að gera ráðstafanir til þess, að raforka verði seld landsmönnum við sama verði um land allt.

Nokkrum sinnum áður hefur verið um það rætt og tillögur fram bornar um það á Alþingi að koma á jöfnun raforkuverðs.

Á sumarþinginu 1942 fluttu nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins tillögu í sameinuðu þingi um raforkumál. Var þar lagt til, að kosin yrði 5 manna nefnd, er gera skyldi tillögur um fjáröflun til þess að byggja rafveitur í því skyni að koma nægilegri raforku í allar byggðir landsins, „enda verði raforkan ekki seld hærra verði í dreifbýli en stærstu kaupstöðunum á hverjum tíma“.

Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi með 43 samhljóða atkv.

Meiri hluti raforkumálanefndarinnar, sem kosin var samkvæmt frammannefndri ályktun árið 1942, samdi frv. til raforkulaga og skilaði því til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1944. Skömmu síðar, í janúar 1945, hlutaðist nefndin til um, að frumvarpið var borið fram á Alþingi, sem þá var að störfum. Flutningsmenn frumvarpsins voru fimm, og fjórir þeirra höfðu átt sæti í nefndinni, sem samdi frumvarpið. Í 12. gr. frv. var ákvæði um, að verð raforkunnar frá ríkisrafveitunum skyldi vera hið sama um land allt. En frumvarpið hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

Á næsta þingi, seint á árinu 1945, var fram borið frv. til raforkulaga að tilhlutun samgöngumálaráðuneytisins, og var það afgreitt með nokkurm breytingum sem lög frá þinginu. Í frumvarpinu voru engin ákvæði um jafnt raforkuverð. Fulltrúi Framsóknarfl. í iðnaðarnefnd neðri deildar bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við frumvarpið:

„Söluverð raforkunnar skal vera hið sama um allt land og eigi hærra til notenda utan kaupstaðanna en íbúar þeirra þurfa að greiða á hverjum tíma að meðaltali.“

Tillaga þessi var felld í þingdeildinni með 15 gegn 13 atkvæðum.

Þá fluttu þrír þingmenn Framsóknarflokksins svo hljóðandi tillögu:

„Heildsöluverðið skal vera hið sama um allt land.“

Tillaga þessi féll með jöfnum atkvæðum, 16 gegn 16.

Á Alþingi 1952 flutti Eiríkur Þorsteinsson, þingm. Vestur-Ísfirðinga, frumvarp til laga um jöfnun raforkuverðs, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Eins og hér hefur verið rakið, hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að fá lögfest það fyrirheit, sem þingmenn gáfu ágreiningslaust með samþykkt þingsályktunartillögunnar 1942, að raforkan yrði ekki seld hærra verði í dreifbýli en í stærstu kaupstöðunum, en þær tilraunir hafa enn ekki borið árangur.

Fyrirtæki þau, sem nú selja raforku hér á landi, eru nálega öll byggð af ríkinu eða með meiri eða minni aðstoð þess. Ákveðið hefur einnig verið, að ríkið byggji þær aðalrafveitur til almenningsþarfa, sem komið verður upp í náinni framtíð. Og þar sem þjóðfélagið hefur tekið þessar framkvæmdir á sig í svo stórum stíl, eins og nauðsynlegt var, er eðlilegt, að allir þegnar þess njóti sömu kjara. Mikið vantar nú á, að svo sé hjá almenningsrafveitum, t. d. er áberandi hátt verð á rafmagni frá rafveitum á þeim stöðum, sem ekki hafa vatnsafl til rafmagnsframleiðslunnar.

Það er nú orðið viðurkennt af mörgum, að nauðsyn beri til að gera aðstöðu manna í lífsbaráttunni sem jafnasta, hvar sem þeir búa á landinu. Á það hefur verið bent, hversu þýðingarmikið sé að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Starfa nú tveir stjórnskipaðir menn að athugun þeirra mála, samkvæmt ályktun Alþingis. Eitt af því helzta, sem þar hlýtur að koma til greina, er að gera ráðstafanir til þess að jafna svo sem verða má aðstöðu manna til að njóta þeirra lífsþæginda og gæða, sem almennigur sækir eftir og telja má til lífsnauðsynja nú á tímum, en þar er rafmagnið í fremstu röð.

Fyrir nokkrum árum voru bornar fram tillögur á Alþingi um verðjöfnun á benzíni og olíu. Ýmsir tóku því máli fálega fyrst í stað, en eftir að það hafði verið flutt á þingi nokkrum sinnum, voru þó samþykkt lög um verðjöfnunina, og eru þau nú komin til framkvæmda. Nú munu flestir telja þetta sanngirnismál. En ekki er síður nauðsynlegt að koma á verðjöfnun á raforku. Og í því skyni að fá sanngjarna lausn á því máli hið fyrsta er tillaga þessi fram borin.